

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir

Subject: FW: Fyrir bæjarráð - FW: Sameining almannavarnanefnda á Vesturlandi - hvatning frá lögreglustjóranum á Vesturlandi
Attachments: image001.jpg; image002.jpg

From: Úlfar Lúðvíksson [mailto:ul01@logreglan.is]

Sent: 7. desember 2017 09:43

To: Bæjarstjóri <baejarstjori@akranes.is>; Steinar Adolfsson <steinar.adolfsson@akranes.is>; Sturla Böðvarsson <sturla@stykkisholmur.is>; Skúli Þórðarson <skuli@hvalfjardarsveit.is>; Árni Hjörleifsson <arnihjorl@gmail.com>; Gunnlaugur A. Júlíusson <gunnlaugur@borgarbyggd.is>; Sveitarstjóri Dalir <sveitarstjori@dalir.is>; Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>; Þorsteinn Steinsson <thorsteinn@grundarfjordur.is>; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; eggertk@simnet.is; hilmarha@simnet.is

Cc: Rögnvaldur Ólafsson <rognvaldur@logreglan.is>; Ólafur Guðmundsson - Lögreglustjórinn á Vesturlandi <olafurg@logreglan.is>; Jón Haukur Hauksson <jhh01@logreglan.is>; Jón Sigurður Ólason - Lögreglustjórinn á Vesturlandi <8404@logreglan.is>

Subject: Sameining almannavarnanefnda á Vesturlandi - hvatning frá lögreglustjóranum á Vesturlandi

Sælir.

Ég þakka ykkur fyrir góðan fund í samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga sem haldinn var sl. mánudag hér í Borgarnesi.

Fundarmenn voru sammála um að sveitarstjórnir í umdæmi lögreglunnar á Vesturlandi færu í þá vinnu að sameina almannavarnir í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi. Lagaheimild fyrir sameiningu er að finna í 3. mgr. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008 en sameining almannavarnanefnda er háð samþykki ráðherra. Geri ráð fyrir því að sveitarfélögin þurfi að breyta sínum samþykktum hvað þessar nefndir varðar. Þá þurfa sveitarfélög í samningi sín á milli að ákveða hvernig valið verður í nefndina af hálfu sveitarfélaganna en í því sambandi er rétt að horfa til 1. mgr. 9. gr. framangreindra laga.

Ég hef litið svo á að heppilegt væri að sveitarstjórar viðkomandi sveitarfélaga eigi sæti í nefndinni enda hlutverk almannavarnanefnda að móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í umdæmi í samræmi við lög um almannavarnir.

Rétt er að geta þess að árið 2003 sendi ríkislögreglustjóri erindi til allra þáverandi lögreglustjóra með þeirri hvatningu að þeir hugi að sameiningu almannavarnanefnda hver í sínu umdæmi.

Á fundi bæjarráðs Akraness sem haldinn var 12. nóvember 2015 var tekið undir erindi lögreglustjórans á Vesturlandi um skipan almannavarna á Vesturlandi. Taldi bæjarráðið það skynsamlega ráðstöfun að hafa eina almannavarnanefnd á Vesturlandi.

Á fundi byggðaráðs Borgarbyggðar sem haldinn var 19. nóvember 2015 var fært til bókar að byggðaráð tæki jákvætt í erindi lögreglustjórans á Vesturlandi og taldi skynsamlegt að hafa eina almannavarnanefnd á Vesturlandi.

Á fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps sem haldinn var 26. janúar 2016 var tekið jákvætt í málið og lögð á það áhersla að Skorradalshreppur ætti fulltrúa í slíkri nefnd.

Á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var 24. nóvember 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykki fyrir sitt leyti að kannaðir verði kostir og gallar þess að skipa eina almannavarnanefnd á Vesturlandi í stað þeirra þriggja sem nú eru starfandi.

Á fundi bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar 3. desember 2015 kom fram að bæjarráðið teldi skynsamlegt að skoða fyrirkomulag almannavarna á Vesturlandi, hugsanlega þannig að ein almannavarnanefnd verði á öllu Vesturlandi.

Á fundi bæjarráðs Snæfellsbæjar sem haldinn var 19. nóvember 2015 var tekið undir erindi lögreglustjóra og talið skynsamlegt að hafa eina almannavarnanefnd á Vesturlandi.

Á fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar sem haldinn var 26. nóvember 2015 var mælt með því að almannavarnir á Vesturlandi verði sameinaðar undir einni nefnd.

Sveitarstjórn Dalabyggðar kom saman þann 17. janúar 2016 þar sem sú tillaga var samþykkt að hvetja til þess að almannavarnanefndir á Vesturlandi verði sameinaðar í eina undir stjórn lögreglustjórans á Vesturlandi. Í tölvupósti sem Sveinn Pálsson, sveitarstjóri í Dalabyggð, sendi frá sér í framhaldi af fundinum lagði hann til við önnur sveitarfélög í umdæmi lögreglustjóra að stjórn SSV verði falið að koma málinu í farveg s.s. með því að gera drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna.

Þrjár almannavarnanefndir eru á starfssvæði lögreglunnar á Vesturlandi og gegnir lögreglustjóri formennsku í þeim öllum.

Bendi á að árið 2003 voru almannavarnanefndir sameinaðar á höfuðborgarsvæðinu. Þá hafa almannavarnanefndir verið sameinaðar á Suðurlandi, Suðurnesjum og á Vestfjörðum svo dæmi séu tekin.

Ég á ekki von á öðru en að hér verði ein almannavarnanefnd í umdæmi lögreglu eftir næstu sveitarstjórnarskosningar og mun embættið og sérfræðingar hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra veita nauðsynlega aðstoð við sameiningu nefndanna verði eftir því leitað.

Bestu kveðjur,



**Lögreglustjórinn á
Vesturlandi**

Úlfar Lúðvíksson

Lögreglustjóri / Police Commissioner

Lögreglan á Vesturlandi / Icelandic police –
west district

kt. 441114-0360

Símanr. / Tel.: (+354) 4440300

Netfang / e-mail: ul01@logreglan.is

Vinsamlega athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.